

Ed.

113. Frumvarp til laga

[102. mál]

um Lífeyrissjóð Íslands.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Porkelsdóttir.

I. KAFLI

Skipulag og stjórn.

1. gr.

Lífeyrissjóður Íslands er sameiginlegur tryggingarsjóður landsmanna. Hlutverk hans er að annast lífeyristryggingar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands skipa níu menn og jafnmargir til vara. Skal stjórnin kosin á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar. Stjórnin kys sér ritara.

3. gr.

Stjórnin ræður forstjóra, tryggingarlækni, tryggingarfræðing og aðra sérhæfða starfsmenn í samræmi við þarfir sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur, úrskurðar stjórnin í málinu. Heimilt er að áfrýja úrskurði til tryggingardóms.

Stjórnin skal leita samþykkis tryggingarráðs, skv. 5. gr., fyrir eftirfarandi:

- a) Ákvörðun um iðgjaldaprósentu.
 - b) Árlegri fjárhagsáætlun sjóðsins.
 - c) Ársreikningum.
 - d) Öðrum atriðum er varða framkvæmd þessara laga.
- Ákvarðanir tryggingarráðs ber að leggja fyrir tryggingarráðherra til staðfestingar.
- Rísi upp alvarlegur ágreiningur innan tryggingarráðs um iðgjaldaprósentu ber að vísa þeim ágreiningi þegar í stað til ráðherra, er hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

5. gr.

Sérstakt tryggingarráð skipað 27 mönnum skal starfa við hlið stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands. Skal ráðið vera stjórn sjóðsins til ráðuneytis í þeim þáttum tryggingarmála, er lög þessi ná til, sbr. ákvæði 4. gr. þessara laga.

6. gr.

Tryggingarráð skal skipað sem hér segir:

- a) Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands.
- b) Fulltrúum eftirfarandi samtaka samkvæmt tilnefningu þeirra að fenginni staðfestingu tryggingarráðherra:

Alþýðusamband Íslands	4 fulltr.
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	2 fulltr.
Bandalag háskólamanna	1 fulltr.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	1 fulltr.
Stéttarsamband bænda	1 fulltr.
Vinnuveitendasamband Íslands	4 fulltr.
Vinumálasamband samvinnufélaganna	1 fulltr.
Kjararáð verslunarinnar	1 fulltr.
Fjármálaráðuneytið	2 fulltr.
Öryrkjabandalag Íslands	1 fulltr.

Tryggingarráð skal hið minnsta koma saman tvisvar á ári.
Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands skal jafnframt vera formaður tryggingarráðs.

7. gr.

Tryggingarráðherra ákveður þóknun stjórnar og tryggingarráðs til eins árs í senn.

8. gr.

Aðsetur Lífeyrissjóðs Íslands skal vera í Reykjavík. Skal haft samráð og samvinna við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur umboðsskrifstofa.

9. gr.

Reikningar Lífeyrissjóðs Íslands fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir og endurskoðaðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Þeir skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita félagsmönnum sínum glöggar upplýsingar og fræðslu um réttindi þeirra. Skal stefnt að því að veita hverjum einstaklingi upplýsingar um áunnin réttindi einu sinni á ári.

II. KAFLI

Lífeyrstryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls. Þá skal hann og greiða fæðingarlaun.

11. gr.

Aðilar að Lífeyrissjóði Íslands, hér nefndir félagsmenn, eru allir einstaklingar sem lögheimili eiga á Íslandi.

12. gr.

Elli-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslur ákvarðast af tekjuhlutfalli, ævitekjuhlutfalli og vísitækjum.

B. Tekjuhlutfall.

13. gr.

Tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár eftir 1950 skal vera hlutfall brúttótekna hans það ár samkvæmt skattframtali og meðalbrúttótekna þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára í lok ársins, það sama ár, sbr. 40. gr.

Tekjuhlutfall einstaklings til og með 1950 skal vera 1.0

14. gr.

Leiðrétt tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár skal vera tekjuhlutfall hans það ár, hækkað í 0.5 eða lækkað í 3.0, ef það er lægra en 0.5 eða hærra en 3.0.

Hafi einstaklingur ekki tekið fram umrætt ár, skal hann hljóta leiðrétt tekjuhlutfall 0.5 það ár.

Hafi skattframtal einstaklings umrætt ár glatast hjá skattstofu, skal hann hljóta leiðrétt tekjuhlutfall 1.0 það ár.

Hafi félagsmaður ekki átt lögheimili á Íslandi allt umrætt almanaksár, skal leiðrétt tekjuhlutfall hans það ár skv. ofangreindu skerðast hlutfallslega.

Hafi einstaklingur verið í sambúð umrætt almanaksár og talið fram sameiginlega með maka sínum, skal hann hljóta meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla síns og maka síns sem leiðrétt tekjuhlutfall það ár.

C. Ævitekjuhlutfall.

15. gr.

Ævitekjuhlutfall einstaklings, sem orðinn er 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans síðustu fimm tíu almanaksárin fyrir sextugasta og sjöunda afmælisdag hans.

16. gr.

Væntanlegt ævitekjuhlutfall einstaklings, sem ekki er orðinn 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans þau almanaksár, sem liðin eru frá sextánda afmælisdegi hans.

D. Vísitækjur.

17. gr.

Vísitækjur. Fyrir 1. júlí ár hvert skal Hagstofa Íslands reikna meðalbrúttótækjur þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára um síðustu áramót á undan. Skal miðað við brúttótækjur ársins á undan skv. skattframtölum. Vísitækjur eru þessar meðalbrúttótækjur hækkðar 1. júlí, 1. október, 1. janúar næsta ár og 1. apríl næsta ár í hlutfalli við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí árið áður.

E. Verðtrygging lífeyris.

18. gr.

Mánaðarlífeyrir samkvæmt lögum þessum skal veittur sem lífeyrisprósenta af vísitækjum á hverjum tíma deilt með tólf.

III. KAFLI

Ellilífeyrir.

19. gr.

Rétt til ellilífeyris hafa þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti þrjú almanaksár frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs.

20. gr.

Þegar félagsmaður í Lífeyrissjóði Íslands verður 67 ára gamall, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna ellilífeyrisprósentu hans.

Ellilífeyrisprósenta skal vera ævitekjuhlutfall félagsmannsins margfaldað með sextíu.

21. gr.

Félagsmanni í Lífeyrissjóði Íslands er heimilt að fresta töku ellilífeyris í allt að átta ár og skal ellilífeyrisprósenta hans hækka vegna frestunarinnar í samræmi við lækkun núgildis ellilífeyris hans, reiknað án vaxta.

Umsókn um frestun á töku ellilífeyris skal berast Lífeyrissjóði Íslands eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings.

22. gr.

Ellilífeyri skal greiða frá og með næsta mánuði eftir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings eða seinna, ef um frestun á töku ellilífeyris skv. 21. gr. er að ræða.

Ellilífeyri skal greiða til og með næst mánuði eftir lát ellilífeyrisþega.

23. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal reglulega reikna þá hækkun ellilífeyris, sem um getur í 21. gr. Skulu þær upplýsingar birtar félagsmönnum Lífeyrissjóðs Íslands.

IV. KAFLI

Örorkulífeyrir.

24. gr.

Rétt til örorkulífeyris hafa þeir einstaklingar, sem lögheimili eiga á Íslandi og eru orðnir 16 ára, en ekki orðnir 67 ára gamlir og:

- a. hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram, eða haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
- b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn fjórðung þess, sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

25. gr.

Þeir, sem telja sig eiga rétt á örorkulífeyri, skulu sækja um hann til Lífeyrissjóðs Íslands. Umsókn um örorkulífeyri skal endurnýja að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Tryggingarlæknir Lífeyrissjóðs Íslands skal meta örorkuprósentu þeirra, sem sækja um örorkulífeyri eða endurnýja fyrri umsóknir.

Úrskurð Lífeyrissjóðsins um það, hvort örorkulífeyrir verði veittur, skal tilkynna umsækjanda innan tveggja mánaða frá því að umsókn barst. Ef úrskurðurinn er jákvæður, skal greiða lífeyrinn frá og með næsta mánuði eftir að umsókn barst. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en nemur þeim tekjumissi, sem félagsmaður hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.

Lífeyri skal greiða til og með þeim mánuði, sem örorka fellur niður eða félagsmaður verður 67 ára.

26. gr.

Pegar umsókn um örorkulífeyri hefur verið samþykkt, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings miðað við daginn, sem umsókn barst.

Örorkulífeyrisprósenta skal vera væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi margfaldað með örorkustuðli hans.

Örorkustuðull einstaklings skal vera 60, ef örorkuprósentu hans er hærri eða sama sem 75%. Fyrir hvert prósentustig, sem hann vantar í 75% örorku, skal skerða örorkustuðul hans um 1.0.

V. KAFLI Barnalífeyrir.

27. gr.

Rétt til barnalífeyris hafa þeir félagsmenn, sem ekki eru orðnir 19 ára, ef annað hvort foreldra þeirra er látið, er ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi, enda hafi það átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin.

Foreldri í skilningi þessara laga er kynforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri, enda annist það barnið að mestu leyti eða hafi annast barnið að mestu leyti fyrir lát sitt. Þó skal ekki veita barnalífeyri vegna stjúpföður eða stjúpmóður, ef barnið á framfærsluskyldan föður eða móður á lífi. Ættleiðing veitir ekki rétt til barnalífeyris, nema hún hafi staðið í tvö ár eða sannað sé, að hún standi ekki í sambandi við réttindi til barnalífeyris.

28. gr.

Barnalífeyrisprósenta fyrir fyrsta barn látins foreldris skal vera einn fjórði af þeirri fullu örorkulífeyrisprósentu, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Þó skal þessi barnalífeyrisprósenta ekki vera lægri en 13.0%.

Barnalífeyrisprósenta fyrsta barns foreldris, sem er elli- eða örorkulífeyrisþegi, skal vera einn fjórði af elli- eða örorkulífeyrisprósentu foreldrisins.

Barnalífeyrisprósenta annars, þriðja eða fjórða barns skal vera $\frac{4}{5}$, $\frac{3}{5}$ eða $\frac{2}{5}$ af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Barnalífeyrisprósenta barns umfram fjórða barn foreldris skal vera $\frac{1}{5}$ af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Hér er átt við börn foreldris, sem eru á lífi.

29. gr.

Ef báðir foreldrar barns eru látnir, elli- eða örorkulífeyrisþegar, skal barnið hljóta barnalífeyri eftir þá báða samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

Barnalífeyri skal veita frá og með þeim mánuði, sem foreldri deyr, hlýtur ellilífeyri eða örorkulífeyri.

Fullan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum skal veita til og með þeim mánuði, sem barnið verður 16 ára, og greiðist hann þeim, sem annast framfærslu barnsins að mestu leyti. Hálfan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum hljóta þeir, sem orðnir eru 16 ára, til og með þeim mánuði, sem þeir verða 19 ára.

Barnalífeyrir greiðist þeim, sem annast framfærslu barnsins að fullu.

VI. KAFLI Fæðingarlaun.

31. gr.

Rétt til fæðingarlauna hafa foreldrar, sem ættleiða barn yngra en fimm ára, enda uppfylli lögheimili á Íslandi, enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin fyrir fæðinguna og taki ekki laun annars staðar.

Rétt til fæðingarlauna hafa foreldrar, sem ættleiða barn yngra en fimm ára, enda uppfylli þeir skilyrði fyrstu málsgreinar.

32. gr.

Fæðingarlaun á mánuði skulu nema meðalmánaðarlaunum foreldris síðustu 36 mánuðina fyrir fæðinguna. Ekki skal þó reikna með lægri mánaðarlaunum en 1.67% af vísitækjum á hverjum tíma. Mánaðarlaunin skulu færð fram til fæðingardags miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, áður en meðalmánaðarlaunin eru reiknuð. Sambærilegar reglur skulu gilda um fæðingarlaun vegna ættleiðingar.

33. gr.

Fæðingarlaun skal greiða í þrjá mánuði, fyrir fleirburafæðingu í fjóra mánuði og fyrir ættleiðingu í tvo mánuði. Foreldri á rétt á launalausum leyfi hjá vinnuveitanda sínum, meðan það nýtur fæðingarlauna. Fyrsta greiðsla fæðingarlauna fari fram í byrjun áætlaðs fæðingarmánaðar (ættleiðingarmánaðar), enda liggi fyrir umsókn með nauðsynlegum upplýsingum frá foreldrum sex vikum fyrir töku fæðingarlauna. Í umsókn komi fram, hvernig foreldrar huggist skipta með sér fæðingarlaunum.

34. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal fylgjast með fæðingum hér á landi og minna þá foreldra á að sækja um fæðingarlaun, sem eignast hafa barn hér á landi og ekki hafa sótt um fæðingarlaun tveimur mánuðum eftir fæðinguna (ættleiðinguna).

Fæðingarlaun skal greiða allt að tveimur árum aftur í tímann.

VII. KAFLI

Tekjur.

35. gr.

Tekjur Lífeyrissjóðs Íslands skulu vera iðgjöld þeirra, sem orðnir eru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára, og lögheimili eiga á Íslandi.

36. gr.

Iðgjöld skulu greidd sem prósentu (iðgjaldsprósentu) af öllum atvinnutekjum þess er í hlut á.

37. gr.

Iðgjald af launatekjum skal launagreiðandi greiða til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en tveimur vikum eftir greiðslu launa.

Peir, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, skulu greiða iðgjald af þeim tekjum til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en 1. maí árið eftir að teknanna var aflað. Skal iðgjaldið hækka miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna var aflað til greiðsludags.

Iðgjaldskröfur skv. 1. og 2. mgr. skulu njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitenda/ skuldara til jafns við kröfur skv. a-lið 83. gr. skiptalaga nr. 3 frá 12. apríl 1878, en iðgjaldskröfur skv. 3. gr. til jafns við kröfur skv. 5. tölulið b-liðar sömu greinar.

38. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal fyrir 1. júlí ár hvert meta iðgjaldsprósentu, sem greiða ber frá og með 1. ágúst sama ár. Skal hann miða við að Lífeyrissjóður Íslands hafi ávallt í sjóði fjármagn til að standa straum af lífeyri og fæðingarlaunum næstu 120 daga.

VIII. KAFLI

Önnur ákvæði.

39. gr.

Tekjuhlutfall, leiðrétt tekjuhlutfall, ævitekjuhlutfall og væntanlegt ævitekjuhlutfall skal reikna með fjórum aukastöfum. Lífeyrisprósentu skal reikna með tveimur aukastöfum. Beitt skal venjulegum reglum um upphækkun síðasta aukastafs.

40. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna eða áætla meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára í lok ársins, fyrir öll almanaksár frá og með árinu 1951. Skal miðað við framtöl umræddra ára.

Með reglugerð skal kveða á um, hvað séu brúttótekjur hin ýmsu ár.

IX. KAFLI

Almennir lífeyris- og lánasjóðir.

41. gr.

Lífeyrissjóður, annar en Lífeyrissjóður Íslands, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Væntanleg iðgjöld sjóðfélaga auk eigna sjóðsins á hverjum tíma skulu standa undir væntanlegum lífeyrisútgjöldum sjóðsins. (Full söfnun). Við árlegt mat á þessum atriðum skal gengið út frá þeirri ávöxtun, sem sjóðurinn getur væntanlega fengið.
 - b) Lífeyrisréttindi skulu halda verðgildi sínu miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
 - c) Sjóðurinn taki á sig áhættu af öllum tegundum réttinda, sem hann veitir.
 - d) Iðgjöld síðasta almanaksárs skulu ekki vera lægri en fimmtugfaldar meðalvísitækjur þess árs.
 - e) Fjöldi greiðenda síðasta almanaksárs skal ekki vera undir 1000.
- Skilyrði d) og e) eiga ekki við um nýstofnaða sjóði fyrstu 3 árin.

42. gr.

Tryggingaráðherra skal veita lífeyrissjóðum starfsleyfi til þriggja ára í senn að fenginni umsögn tryggingarráðs, sem gengur úr skugga um að skilyrðum 41. gr. sé fullnægt.

Breyta skal sjóði, sem ekki hefur starfsleyfi ráðherra, í lánasjóð, er lög þessi koma til framkvæmda. Eignum sjóðsins skal skipta á milli sjóðfélaga eftir reglum, sem ráðherra setur.

Við breytingu lífeyrissjóðs í lánasjóð skal hverjum sjóðfélaga í sjálfvald sett, hvort hann lætur inneign sína standa áfram í sjóðnum, fær hana endurgreidda, sbr. 44. gr., eða lætur flytja hana í lífeyrissjóð, sem hefur starfsleyfi ráðherra og samþykkir flutninginn.

43. gr.

Reglugerð fyrir lánasjóð skal hljóta samþykki fjármálaráðuneytisins. Skal þar tekið fram, hverjir eigi rétt á þátttöku í lánasjóðnum, hverjar séu reglur um úthlutun lána úr sjóðnum, hver lánskjör séu, hvert sé iðgjald til sjóðsins og hvernig stjórn skuli kosin. Þá skal einnig koma fram, að stjórn sjóðsins er skylt að tilkynna meðlimum sjóðsins, þegar þeir eiga rétt á láni, og einnig skal veita sjóðfélögum upplýsingar um, hverjir hlotið hafa lán.

44. gr.

Við flutning réttinda eða endurgreiðslu frá lífeyrissjóði skal meta til núgildis væntanlegan lífeyrisrétt hjá sjóðnum í samræmi við 41. gr. Sú fjárhæð er flutt eða endurgreidd.

Heimilt er að dreifa endurgreiðslu til samræmis við greiðslustöðu sjóðsins.

Við flutning réttinda til lífeyrissjóðs eða réttindakaup skal núgildi þess lífeyris, sem veittur er, vera jafngildi þeirrar fjárhæðar, sem flutt er eða greidd.

45. gr.

Aðild að almennum lífeyris- og lánasjóðum skal vera frjáls.

Ákvæði til bráðabirgða.

46. gr.

Lánasjóður, sem breytt hefur verið úr lífeyrissjóði, sbr. 42. gr., skal vera í umsjá þeirra aðila, sem staðið hafa að stofnun hans á grundvelli staðfestrar reglugerðar hans sem lífeyrissjóðs með nauðsynlegum breytingum vegna þessara laga. Réttur til aðildar skal vera sá sami og fyrir breytinguna. Viðkomandi samningsaðilar skulu sjálfir semja reglugerðir fyrir hina nýju lánasjóði.

47. gr.

Lífeyrisréttindi, sem áunnin höfðu verið í lífeyrissjóði fyrir 1. janúar 1982 falla niður, ef sjóðnum verður breytt í lánasjóð, eða skerðast, ef hann starfar áfram sem lífeyrissjóður. Skal skerðingin vera í samræmi við ákvæði 41. gr.

48. gr.

Þeir lífeyrissjóðir, sem starfa við gildistöku laga þessara, skulu greiða til Lífeyrissjóðs Íslands sem svarar iðgjaldtekjum þeirra síðustu fimm mánuði ársins 1981. Skal greiðsla þessi innt af höndum mánaðarlega eftir á.

49. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal hefja lífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 1982.

Þeir, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. jan. 1982, skulu fá þann lífeyri, sem þeir hljóta samtals í janúar 1982 verðtryggðan með vísitölu framfærslukostnaðar, frá Lífeyrissjóði Íslands, uns Lífeyrissjóðurinn hefur reiknað lífeyrisprósentu þeirra. Skal þeim, sem fengið hafa of lágan lífeyri til þess tíma, er lífeyrisprósentan var reiknuð, bættur mismunurinn auk venjulegra innlánsvaxta. Þeir, sem fengið hafa of háan lífeyri, skulu endurgreiða Lífeyrissjóði Íslands mismuninn auk innlánsvaxta með allt að 15% af mánaðarlegum lífeyri sínum.

Lífeyrissjóður Íslands skal reikna lífeyrisprósentu þeirra, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. janúar 1982 eftir aldursröð og byrja á þeim sem elstir eru. Skal miða við að ljúka þessu verki fyrir 1. janúar 1983.

50. gr.

Laun þeirra, sem eru í lífeyrissjóði hinn 1. janúar 1982 skulu hækka sem nemur greiðslum atvinnurekenda til lífeyrissjóðs frá og með 1. janúar 1983.

51. gr.

1. jan. 1982 falla niður ákvæði laga nr. 97 1979, um eftirlaun til aldraðra, ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, er lúta að ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingum, ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof svo og önnur lög og lagaákvæði, sem varða lífeyrissjóði.

52. gr.

Tryggingaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Guðmundur H. Garðarsson, þáverandi þingmaður, lagði fram í ársbyrjun 1976 og um haustið 1978 frumvörp til laga, sem eru að stofni til eins og meðfylgjandi frumvarp til laga um Lífeyrissjóð Íslands. Þau frumvörp náðu eigi fram að ganga og býr þjóðin enn við gamla kerfið í lífeyrismálum. Þó að nokkrar breytingar hafi átt sér stað til batnaðar fyrir hluta lífeyrisþega eftir að fyrra frumvarpið var lagt fram, er kerfið enn ófullkomið, flókið og ranglátt. Þetta kerfi fær ekki staðist til lengdar og þúsundir manna eru afskiptar í þessum málum. Réttu verður hlut þessa fólks og koma á betri skipan þessara mála.

Nokkrar breytingar til bráðabirgða hafa verið gerðar til hins betra á grundvelli samninga aðila vinnumarkaðarins fyrir milligöngu ríkisstjórna, en án frumkvæðis Alþingis. Fyrsta samkomulag þessa efnis var gert í lok febrúar 1976 og annað samkomulagið gildi frá júnísamningunum 1977. Það var svo framlengt með lögum í árslok 1979 og á að gilda út 1982. Þá voru nokkrar bætur gerðar í samningunum núna í október síðastliðnum. Hvað við tekur 1983 veit enginn enn þá og er slíkt öryggisleysi óþolandi fyrir lífeyrisþegana. Í tengslum við fyrsta samkomulagið 1976 voru settar á laggirnar nefndir, sem gera skyldu tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Nefndirnar hafa enn ekki skilað álit og er ekki vitað, hvenær eða hvort sameiginleg niðurstaða fæst.

Með tilliti til þess, að allar meiri háttar breytingar í jafnyfirgripsmiklu máli og hér um ræðir hljóta að eiga sér langan aðdraganda og ekki virðist hilla undir raunhæfar tillögur í þessu máli, hvorki af hálfu fyrrgreindra nefnda né annarra, sem gefið hafa yfirlýsingar um það, að þeir mundu beita sér fyrir raunhæfri endurskipulagningu þessara mála, telja flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að leggja fram frumvarp þetta um lífeyrissjóð er nær til allra landsmanna. Flutningsmenn telja, að í frumvarpinu felist eina raunhæfa lausnin í grundvallaratriðum á framtíðarskipan lífeyrismála. Menn getur greint á um einstök atriði. En við nánari athugun sést, að sú leið í lífeyrismálum, sem flutningsmenn gera ráð fyrir, tekur ákveðið mið af því skipulagi, sem er á lífeyrismálum í dag, og er eðlilegasta samtenging þess við nýskipan þessara mála.

Þrátt fyrir það er með frumvarpi þessu um Lífeyrissjóð Íslands lagt til að grundvallar-breyting verði gerð á lífeyristryggingarkerfi þjóðarinnar. Markmið breytingarinnar er, að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarksellilífeyris, er sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma. Þá er það veigamikið atriði í þessu frumvarpi, að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hvert er starf þeirra eða staða í þjóðfélaginu. Þar með er öllum húsmæðrum tryggður fullur réttur til ellilífeyris á við annað vinnandi fólk og lífsstarfi húsmæðra þar með gefið ákveðið verðmætisgildi.

Með frv. er í fyrsta skipti gerð tillaga um, að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingarkerfið með eðlilegum hætti.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir, að hér er um viðamikið mál að ræða, er krefst nákvæmrar umræðu og samráðs við mikinn fjölda aðila. En með því frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér er lagt fram, eru lögð drög að nýrri uppbyggingu þessara mikilvægu trygginga fyrir alla landsmenn. Hljóti frv. hljómgrunn og skilning hjá hv. Alþingi, er þess að vænta, að það taki þeim breytingum í meðförum Alþingis, er nauðsynlegar kunna að teljast til þess að lögin geti komið til framkvæmda 1. janúar 1982 svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt, að eigi sé lengur látið dragast að koma lífeyrissjóðsmálum Íslendinga í viðunandi horf, og vænta þess, að með þessu frv. verði samþykkt lög á Alþingi, er tryggi þjóðinni heilbrigðar og viðunandi ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyris-tryggingar, auk fæðingarlauna.

Frumvarpið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi trygginga- og lífeyris-

sjóðakerfi, að í stað svonefnds uppsöfnunarkerfis, er felst í tugum smárra og stórra sjóða, er tekið upp einfalt, en árangursríkt gegnumstreymiskerfi, er byggist á iðgjöldum, sem ákveðin eru á hverjum tíma í samræmi við tryggingarþörf og verðlag, er greiðslur eiga sér stað.

Eins og nú er háttað, safnast upp milljarðar í um 100 smáum og stórum lífeyrissjóðum. Verðbólguþróun undangenginna ára og grundvallaratriði í reglugerðum sjóðanna varðandi lengri tíma sjóðsmyndun útiloka að þeir geti til langframa greitt verðtryggðan lífeyri. Þrátt fyrir síaukna verðtryggingu á útlánum sjóðanna er fyrirsjáanlegt, að það eitt út af fyrir sig mun ekki nægja til þess að greiða viðunandi lífeyri hjá fjölda sjóða. Aldrað fólk komið á ellilífeyrisaldur mun því sitja eftir með sárt enni. Er þetta gjörsamlega óviðunandi ástand.

Af umræðum, sem fram hafa farið á undanförunum árum, er sýnilegt, ef Alþingi hefur ekki forustu um að beina þróun þessara mála inn á heilbrigðari og betri brautir, að þjóðin mun innan tíðar sitja uppi með gjaldþrota lífeyrissjóði og mikinn fjölda lífeyrisþega, er munu búa við mjög kröpp kjör.

Að samningu frumvarps svipaðs eðlis, sem lagt var fram á Alþingi í ársbyrjun 1976, stóðu auk Guðmundar H. Garðarssonar þeir Oddur Ólafsson alþingismaður og dr. Pétur H. Blöndal tryggingarfræðingur. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, hafa verið gerðar nokkrar efnislegar breytingar frá fyrra frv. og nutu flutningsmenn aðstoðar dr. Péturs H. Blöndals varðandi tæknileg atriði.

Skal hér gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum þessa máls og einstökum greinum frumvarpsins.

A. Athugasemdir við lagafrumvarpið.

1. Almenn.

Núverandi lífeyristryggingar á Íslandi hvíla einkum á tveim meginstofnum. Annars vegar er um að ræða greiðslur ellilífeyrisgreiðslna úr lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar greiðslur úr nær eitt hundrað lífeyrissjóðum, sem eru í eigu ýmissa samtaka og félaga. Þá gegnir Umsjónarnefnd eftirlauna, sem starfar eftir lögum nr. 97 1979, ekki litlu hlutverki í lífeyristryggingum þjóðarinnar.

Ellilífeyrir og örorkulífeyrir Tryggingastofnunarinnar er almennur lífeyrir, sem allir landsmenn eiga rétt á samkvæmt gildandi lögum. Er um að ræða ákveðinn grunnlífeyri, sem frá 1. september 1980 hefur verið 99 792 kr. á mánuði. Að auki er sérhverjum ellilífeyrisþega veitt ákveðin tekjutrygging til viðbótar við ellilífeyri, ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr 691 600 kr. á ári. Frá 1. september 1980 hefur óskert tekjutrygging verið 96 248 kr. á mánuði. Þá fá einstaklingar, sem halda eigið heimili, 34 247 kr. sem heimilisuppbót. Ellilífeyrir, óskert tekjutrygging og heimilisuppbót eru nú 280 287 kr. á mánuði fyrir einstakling og 352 872 kr. fyrir hjón. Barnalífeyrir er 51 065 kr. á mánuði frá 1. september 1980.

Lífeyrisgreiðslur úr hinum einstöku lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi. Sameiginlegt einkenni lífeyrissjóðanna er, að lífeyrisgreiðslur eru háðar tekjum lífeyrisþega fyrir töku lífeyris og starfsaldri. Með hvaða hætti lífeyrir er háður tekjum er afar mismunandi eftir sjóðum. Sumir lífeyrissjóðir greiða ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum síðasta starfsárs, aðrir af meðaltekjum síðustu 5 starfsára og enn aðrir taka tekjur yfir lengra tímabil inn í dæmið.

Lífeyrissjóðunum má skipta í tvo meginflokka eftir því, hvort lífeyrisgreiðslur eru varanlega verðtryggðar eða ekki. Meginþorri allra landsmanna er í óverðtryggðum sjóðum, en opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar í sambærilegri aðstöðu njóta verðtryggðs lífeyris. Gífurlegur aðstöðumunur er á milli lífeyrisþega, er njóta verðtryggðs lífeyris, annars vegar og þeirra, er taka greiðslur úr óverðtryggðum sjóðum, hins vegar. Eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur í lífeyrisgreiðslum, og er nú svo komið að í

Þessu fyrirkomulagi felst gífurlega mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart sjóðfélögum óverðtryggðu sjóðanna.

Þá er mjög mismunandi eftir sjóðum, hversu mikil réttindi menn ávinna sér fyrir hvert ár, sem þeir hafa greitt til lífeyrissjóðs. Sumir öðlast mikil réttindi fyrir stutta sjóðsaðild og geta farið ungir á lífeyri, en aðrir fá lítil réttindi fyrir hvert ár og geta ekki farið fyrr en seint á lífeyri.

Fjárhagsleg uppbygging hinna einstöku lífeyrissjóða í núverandi kerfi grundvallast á þeirri meginreglu, að sérhver sjóðfélagi inni af hendi iðgjaldagreiðslur, sem í lengri tíma uppsöfnun og ávöxtun, venjulegast á 30 árum, nægi til að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum til viðkomandi lífeyrissjóðsfélaga. Er því hér um að ræða söfnunarkerfi.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns. Árlegar tekjur í formi skatta eru látnar mæta áætluðum útgjöldum vegna þessara þarfa. Hér er því um að ræða gegnumstreymiskerfi, sem allir skattgreiðendur standa að baki á hverjum tíma.

2. Gallar núverandi lífeyrissjóðakerfis.

Óhagstæð verðlagsþróun og mikil verðbólga síðustu árin hefur leitt í ljós vangetu lífeyrissjóða í núverandi mynd til þess að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem óréttlæti vegna mismunandi réttinda, sem þeir veita, kemur stöðugt skýrar fram.

Iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru yfirleitt um 10% af dagvinnutekjum félagsmanna. Iðgjaldatími er yfirleitt um 30 ár. Þegar til fullrar lífeyrisgreiðslu kemur við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar þremur árslaunum í iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs. Við 67 ára aldur nú er ólifun meðalævi um 14 ár. Vegna ákvæða núverandi reglugerða lífeyrissjóðanna, sem gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái ellilífeyrisgreiðslur á grundvelli launa síðasta starfsárs eða síðustu starfsára fyrir töku lífeyris, er dæmið mjög alvarlegt í reynd. Ávöxtunarmöguleikar sjóðanna hafa verið bundnir við hæstu leyfilega vexti, sem undanfarin 30—40 ár hafa verið mun lægri en vöxtur verðbólgunnar. Um jákvæða ávöxtun á iðgjöldum hefur því ekki verið að ræða. Eftir því sem næst verður komist nægja iðgjöld lífeyrissjóðsfélaga, sem hefur töku lífeyris núna, varla til að greiða lífeyri hans í 30 mánuði, þrátt fyrir hæstu leyfilega vexti.

Lífeyrissjóðirnir í núverandi mynd geta því ekki staðið við skuldbindingar sínar og veita lífeyrissjóðsfélagunum ófullnægjandi lífeyri. Kemur þetta skýrar í ljós eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Sem dæmi má taka Lífeyrissjóð ljósmæðra, þar sem sjóðseignin minnkaði í krónutölu árið 1977 og sjóðþurrð blasir við innan örfárra ára. Og þó greiðir Lífeyrissjóður ljósmæðra sjálfur óverðtryggðan lífeyri. Verðtryggingu lífeyrisins greiðir ríkissjóður. Hver tekur að sér að greiða lífeyri áfram í þessum og fleiri sjóðum, þegar gjaldþrot er orðið staðreynd?

Stór hluti landsmanna er enn ekki í lífeyrissjóði þrátt fyrir lögskipaða aðild allra launþega að lífeyrissjóði. Þá eru mjög margir einungis tryggðir að því er varðar dagvinnutekjur, sem þýðir alvarlega vantryggingu hjá mörgum. Þessi vantrygging landsmanna sést best á því, að heildartekjur árið 1979 skv. skattframtölum voru 564 milljarðar, en iðgjald til lífeyrissjóða (yfirleitt 10%) er áætlað 29 milljarðar. Þannig hefur ekki verið greitt til lífeyrissjóðs af 274 milljörðum eða 49% af brúttótekjum.

Verðtryggðir sjóðir hins opinbera vernda sjóðfélaga sína varanlega gegn verðbólgunni. Hið sama gildir ekki um sjóðfélaga hinna óverðtryggðu sjóða. Auk hins mikla misréttis, sem þetta hefur í för með sér, getur þetta tvöfalda kerfi misréttis í ellilífeyrisgreiðslum haft afar óæskileg áhrif á eðlilegt streymi fólks milli starfsgreina. Hlýtur núverandi fyrirkomulag að verka eins og hvati á fólk að leita eftir atvinnu hjá hinu opinbera, sem veitir hið mikla afkomuöryggi í ellinni sem verðtryggður lífeyrir er. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga verð-

tryggðu lífeyrissjóðanna taka hlutfallslegum breytingum í samræmi við umsamdar launabreytingar á þeim launaflokki, sem viðkomandi bjó við, þegar taka ellilífeyris hófst.

Eftir að frumvarp svipaðs efnis var lagt fram í ársbyrjun 1976 voru í kjarasamningum í febrúarlok 1976 og í júní 1977 gerðar leiðréttingar til bráðabirgða sem leiðrétta stöðu þeirra, sem eru í óverðtryggðum lífeyrissjóði, út árið 1979. Þetta samkomulag var sett í lög í desember 1979 og á að gilda út árið 1982. Hvað þá tekur við er mjög óljóst. Ýmsar hugmyndir eru uppi um stofnun samtryggingakerfis lífeyrissjóðanna, sem þróist í einn lífeyrissjóð, er stundir líða. Hætt er við að erfiðleikar við slíkt kerfi verði ófyrstíganlegir og reglur um lífeyrisgreiðslur verði það flóknar að lífeyrisþegarnir skilji ekki neitt í neinu, eins og reyndar er orðið nú þegar með samspili lífeyris frá lífeyrissjóði, samstarfssamningi lífeyrissjóða, umsjónarnefnd og Tryggingastofnun. Þetta er einn meginókosturinn við núverandi kerfi. Auk þess fær þetta kerfi ekki staðist til lengdar af margvíslegum ástæðum, svo sem vegna neikvæðrar ávöxtunar á fé sjóðanna og misræmis milli iðgjalda og lífeyris. Auk þess er kerfið óréttlátt og fjöldi manna er að miklu leyti utan kerfisins.

Enn er það svo, að þrátt fyrir þá staðreynd, að allir launþegar greiði sem svarar 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs greiðir Tryggingastofnun ríkisins bróðurhlutann af öllum lífeyrisgreiðslum (1979 rúmir 29 milljarðar á móti tæpum 10 milljörðum frá lífeyrissjóðunum). Tæpir 26 milljarðar af lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunarinnar voru framlag ríkissjóðs. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega. Við aukna verðbólgu og fjölgun ellilífeyrisþega verður slík skattlagning jafnt og þétt erfiðari, jafnframt því sem 10% af svo til öllum dagvinnulaunum í landinu fara í uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum. Tiltölulega lítill hluti þessa fjármagns fer í ellilífeyrisgreiðslur. Íslenskar aðstæður þola ekki þetta tvöfalda álag vegna tryggingarmála né það gífurlega ósamræmi sem þarna á sér stað í tilflutningi fjármagns. Er tímaspursmál, hvenær það hrynur til grunna af fjárhagsástæðum og vegna félagslegra ranginda.

Fjárhagsástæðurnar eru þær, að þeir, sem eiga og bera ábyrgð á fjármagni lífeyrissjóðanna, geta ekki horft upp á það, að þessi mikli sparnaður verði að engu í báli mikillar verðbólgu. Hugsanlegar verðtryggingar á fjármagni sjóðanna í formi útlána og kaupum á verðtryggðum skuldabréfum mundu hvergi nægja til að tryggja stöðu sjóðanna, auk þess sem mjög ber að draga í efa, að íslenskir lántakendur, hvort sem um er að ræða launafólk eða atvinnufyrirtæki, geti staðið undir þeirri miklu verðtryggingu, sem mikil verðbólga hefur í för mér sér.

Félagslegar og stjórnmálalegar afleiðingar þessarar þróunar eru augljósar hverjum manni, sem þekkir eitthvað til afkomu alþýðu manna. Það er gjörsamlega óviðunandi að skylda fólk til mikils sparnaðar, lána því svo eigið fé með háum vöxtum og greiða síðan að lokum ófullnægjandi ellilífeyri til lífeyrissjóðsfélaga. Slíkt kerfi stenst ekki. Því ber hið fyrsta að hverfa frá núverandi söfnunarkerfi og taka upp nýtt lífeyrisgreiðslukerfi, sem mætir þörfum tryggingarþega miðað við hinar hröðu og óvissu breytingar, sem hafa verið og eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Jafnframt þurfa allir landsmenn að njóta sama réttar til ellilífeyris á grundvelli ævitekna og tekjuhlutfalls, óháð því hvar þeir starfa. Þá eiga allar konur að njóta fulls og sama réttar til ellilífeyrisgreiðslna án tillits til stöðu, en í fullu samræmi við ævitekjur, sem geta verið annað tveggja til orðnar vegna vinnu utan heimilis eða innan þess. Sú kerfisbreyting í lífeyrismálum þjóðarinnar, sem hér er gerð tillaga um, tryggir konum, er vinna heimilisstörf, ellilífeyri á grundvelli tekna heimilisins. Felur það í sér mikla og sjálf-sagða réttarbót og því misrétti, sem ríkt hefur í þessum efnunum, er útrýmt.

Með tilliti til þess að álagningargrundvöllur þess kerfis, sem hér um ræðir — gegnumstreymiskerfis — byggist á tekjum manna á hverjum tíma, er sjálfsagt og eðlilegt, að ellilífeyrir miðist við ævitekjur. Hins vegar er nauðsynlegt, að hið nýja lífeyriskerfi sé þannig uppbyggt, að tekjulitlu eða tekjulausu fólki verði tryggður ákveðinn lágmarksellilífeyrir. Er það gert í þessu frumvarpi.

3. Markmið frumvarpsins.

Markmið frv. þessa um Lífeyrissjóð Íslands er m. a.:

1. Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðunandi og mannsæmandi lífsviðurværi.
2. Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingarbætur.
3. Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra, sem verr eru settir í þjóðfélaginu.
4. Að tryggja foreldrum fæðingarlaun.
5. Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti.

Við framkvæmd frv. sem þessa vakna upp margar spurningar. Hvað telst vera starfsævi og hvenær er henni lokið? Hvað er viðunandi lífsviðurværi? Hvernig er unnt að meta vinnuframlag einstaklings og hvernig á að tengja lífeyri þessu framlagi o. s. frv.? Afbrigði hljóta að vera mjög mörg, en meginreglan hlýtur að vera sú, að viðmiðanir byggist á því er lýtur að meðaleinstaklingi.

Almennt hlýtur að mega líta svo á, að starfsævi einstaklings hefjist við 16 ára aldur, hvort sem starfið er fólgið í námi eða annarri vinnu. Samkvæmt reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur. Hvenær starfsævi lýkur hlýtur ávallt að vera mjög einstaklingsbundið. Sumir halda starfsþreki til sextugs eða skemur, ef veikindi eða slys ber að höndum, en aðrir allt til áttræðs. Hin almenna regla í reglugerðum lífeyrissjóðanna er nú að miða við það, að taka ellilífeyris hefjist við 67 ára aldur. Hins vegar er gert ráð fyrir, að taka ellilífeyris geti hafist síðar, til þess að koma til móts við þarfir og óskir einstaklinga, er þannig kann að vera ástatt um, að þeir vilji gegna fullu starfi lengur og ávinna sér meiri ellilífeyrisréttindi.

Viðunandi lífsviðurværi getur verið mjög teygjanlegt hugtak og getur menn greint á um það. Ljóst er þó, að þarfir einstaklings að lokinni starfsævi eru aðrar og minni en þess, sem er á miðri ævi. Hann þarf ekki að standa straum af kostnaði vegna atvinnu, umsvif eru minni, framfærslu barna er lokið o. s. frv. Með tilliti til þessa hefur verið talið hæfilegt að áætla, að einstaklingur þurfi um 60% af meðaltekjum sínum um ævina til viðunandi lífsviðurværis á núgildi þegar ellilífeyristaka hefst. Lífeyririnn verði verðtryggður.

Margir tæknilegir örðugleikar eru á því að meta vinnuframlag einstaklings til þjóðar-búsins og hvernig lífeyririnn skuli vera háður því. Verðbólga og hagsveiflur útiloka að unnt sé að meta vinnuframlagið beint út frá tekjum einstaklingsins á hverjum tíma. Þetta vandamál má leysa með því að tengja tekjur ákveðnum vísitölum, t. d. með því að finna hlutfall tekna einstaklingsins og meðaltekna allra landsmanna. Þá rís upp vandamál vegna tekju-lausra stétta. Sérhver viðleitni til að meta vinnuframlag þessara hópa krefst flókinna reglna. Flóknar reglur fela oft í sér hættu á misnotkun. Þess vegna er í frv. þessu stuðst við reglur um upphæð lífeyris, sem eru einfaldar í framkvæmd og gefa allgóða mynd af vinnuframlagi einstaklingsins til þjóðfélagsins. Að auki hafa þessar reglur í sér fólgnar lágmarks- og hámarkslífeyrisgreiðslur. Með þessum hætti er stuðlað að sanngjarnri tekjudreifingu gagnvart ellilífeyrisþegum.

4. Lífeyrisgreiðslur og lágmarksellilífeyrir.

Lífeyrisgreiðsla samkv. frumvarpi þessu er háð tveimur atriðum. Í fyrsta lagi byggist greiðsla á tekjum einstaklingsins um ævina og er lífeyrisprósentan mælikvarði á vinnuframlag hans. Í öðru lagi er greiðslan háð svokölluðum vísitækjum (verðtrygging).

Lífeyrisprósentan er meðaltal tekjuhlutfalla einstaklings um starfsævina, leiðréttra. Prósentan er því mælikvarði á það, hvað einstaklingurinn hefur haft að meðaltali í tekjur um ævina samanborið við samtíðarmenn sína. Leiðrétting tekjuhlutfallanna, hækkun í 0.5 eða lækkun í 3.0, ef þau eru undir 0.5 eða yfir 3.0, er tilraun til að meta vinnuframlag hinna

tekjulitlu eða tekjulausu og um leið stuðlar hún að tekjujöfnun, því að þeir, sem hafa mjög háar tekjur, greiða af lífeyri sínum til hinna, sem eru mjög tekjulágir. Þetta á að tryggja að enginn fái lægri lífeyri en sem nemur 30% af vísitækjum eða helming meðallífeyris.

Samkvæmt þessu frumvarpi skipta hjón með sér þeim lífeyrisréttindum, sem þau afla í sambúðinni, enda er erfitt að meta sérstaklega vinnuframlag þess, er vinnur á heimilinu, og hins aðilans, sem aflar tekna utan heimilsins. Þessi tilhögun stuðlar að frekari jafnrétti kynjanna, þar sem húsmóðirin hefur til þessa búið við skarðan hlut. Með hliðsjón af þessu er óþarft að hafa sérstök ákvæði um makalífeyri í frumvarpinu.

Á grundvelli skattaframtala er tekjuhlutfallið fundið út. Þetta fyrirkomulag hlýtur að stuðla að því að skattframtöl verði nákvæmari.

Með vísitækjum er gerð tilraun til að meta meðaltekjur á hverjum tíma, til þess að lífeyrir hækki í hlutfalli við aðrar tekjur. Lífeyrisþegar eiga með þessum hætti að vera tryggðir gegn áhrifum verðlagshækkana og verðbólgu.

Það, að lífeyrisprósentan í elli- og örorkulífeyri er ævitekjuhlutfallið margfaldað með 60, þýðir, að ellilífeyrisþeginn fær 60% af meðaltekjum sínum verðtryggðar í lífeyri. Sá, sem aldrei hefur haft neinar tekjur né verið í hjónabandi, eða sambúð, fær ævitekjuhlutfallið 0.5 og þar með lífeyri, sem er 30% af meðaltekjum á hverjum tíma.

Dæmi um lífeyri.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um hvernig lífeyrisgreiðslur yrðu samkvæmt þessu frumvarpi, skulu hér tilfærð nokkur dæmi. Við útreikninga er stuðst við gróft mat á vísitækjum í nóvember 1980. Samkvæmt upplýsingum Bolla Bollasonar hagfræðings hjá Þjóðhagsstofnun munu áætlaðar atvinnutekjur allra Íslendinga árið 1979 hafa verið 564 milljarðar kr. samkvæmt framtölum 1980. Reikna má með því, að tekjur þeirra, sem voru 67 ára eða eldri, hafi verið um 34 milljarðar kr. Þannig hafi tekjur Íslendinga 16 til 67 ára verið um 530 milljarðar á árinu 1979. Fjöldi þeirra var um 140 þúsund og meðaltekjur því um 3 790 000 kr. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí 1979 til 1. nóvember 1980 var 79.1%, þannig að vísitækjur í nóvember 1980 eru um 6 790 000 kr. eða um 566 þúsund á mánuði.

1. dæmi: Launamaður, einhleypur, sem vinnur frá 17 ára aldri til 67 ára aldurs. Forsenda:

Ævitekjuhlutfall er byggt á eftirfarandi reikningsgrundvelli:

Aldur ár	Tekjur sem % af meðaltekjum	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	90%	0.90
22—26	120%	1.20
27—31	130%	1.30
32—36	120%	1.20
37—41	110%	1.10
42—46	100%	1.00
47—51	100%	1.00
52—56	80%	0.80
57—61	80%	0.80
62—66	70%	0.70

Ævitekjuhlutfall (= meðaltal tekjuhlutfallanna) er því 1.00.

Samkvæmt framangreindu fengi viðkomandi launamaður 340 000 kr. í ellilífeyri (60% af 566 000 kr.).

Ef launamaður, sem hefur sömu meðaltekjur, hefði orðið öryrki 42 ára að aldri, er

væntanlegt ævitekjuhlutfall hans miðað við tekjurnar frá 17—41 árs aldurs. Fæst þá tekjuhlutfallið 1.14. Hann fengi því $1.14 \times 0.6 \times 566\ 000$ kr. — eða 387 000 kr. á mánuði í örorkulífeyri í október 1978.

2. dæmi: Launamaður með tekjuhlutfall samkvæmt 1. dæmi, kvænist 27 ára gamall. Eiginkonan er jafngömul, vinnur ekki úti, en annast börn og heimili.

Tekjur konunnar, sem prósentu af meðallaunum, yrðu sem hér segir:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	0%	0.50
37—41	0%	0.50
42—46	5%	0.50
47—51	5%	0.50
52—56	5%	0.50
57—61	5%	0.50
62—66	10%	0.50

Sameiginlegt tekjuhlutfall leiðrétt:

Ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	0.85	0.85
37—41	0.80	0.80
42—46	0.75	0.75
47—51	0.75	0.75
52—56	0.65	0.65
57—61	0.65	0.65
62—66	0.60	0.60

Ævitekjuhlutfall mannsins verður 0.805, en konunnar 0.765.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 273 000 kr., en konunnar 260 000 kr. eða samtals hjá þeim báðum 533 000 kr. á mánuði.

Ef viðkomandi launamaður yrði öryrki (75% eða meir) við 42 ára aldur fengi hann væntanlega ævitekjuhlutfallið 0.93 (örorkulífeyrisprósenta: $60 \times 0.93 = 55.8$) eða 316 000 kr. á mánuði.

Ef hann ætti enn fremur 5 börn undir 16 ára aldri fengi hann í barnalífeyri fyrir fyrsta barn — miðað við það að barnalífeyrisprósenta er $\frac{1}{4}$ af örorkulífeyrisprósentunni 55.8 eða 13.95, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir — 79 000 kr., með öðru barni $\frac{4}{5}$ eða 63 000 kr., þriðja barni $\frac{3}{5}$ eða 47 000 kr., fjórða barni $\frac{2}{5}$ eða 32 000 kr. og með fimmta barni $\frac{1}{5}$ eða 16 000 kr. Samtals næmi barnalífeyririnn 237 000 kr.

Heildargreiðslur til fjölskyldunnar yrðu samkvæmt framangreindu 553 000 kr. á mánuði.

3. dæmi: Launamaðurinn í 1. dæmi kvænist konu, sem vinnur úti. Bæði eru 27 ára við giftingu. Eiginkonan er við heimilisstörf fyrstu 5 árin eftir giftinguna.

Tekjur konu voru sem hér segir (sem prósentu af meðallaunum):

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	90%	0.90
37—41	100%	1.00
42—46	110%	1.10
47—51	110%	1.10
52—56	110%	1.10
57—61	100%	1.00
62—66	90%	0.90

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	1.05	1.05
37—41	1.05	1.05
42—46	1.05	1.05
47—51	1.05	1.05
52—56	0.95	0.95
57—61	0.90	0.90
62—66	0.80	0.80

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 0.985 og eiginkonunnar 0.945.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 335 000 kr. á mánuði og konunnar 321 000 kr. Samanlagður lífeyrir hjónanna yrði því 656 000 kr. á mánuði.

Ef dæmið yrði endurreiknað út frá þeirri forsendu, að konan hefði orðið öryrki 37 ára að aldri, þá hlýtur hún væntanlegt ævitekjuhlutfall 0.9125 og þar með örorkulífeyrisprósenta 54.75 eða 310 000 kr. á mánuði.

Ef hjónin ættu þá þrjú börn undir 16 ára aldri, yrði barnalífeyrir sem hér segir:

Fyrir fyrsta barn: $\frac{1}{4} \times 54.75 = 13.7\%$ eða 77 000 kr.

Fyrir annað barn: $\frac{4}{5}$ af 12 695 kr. eða 62 000 kr.

Fyrir þriðja barn: $\frac{3}{5}$ af 12 695 kr. eða 46 000 kr.

Samtals yrði lífeyrir konunnar og barnanna 495 000 kr. á mánuði.

4. dæmi: Einhleypur maður í vel launaðri stöðu seinni hluta ævinnar. Reiknað er með því að tekjur hans sem prósentu af meðallaunum séu:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	30%	0.50
22—26	45%	0.50
27—31	200%	2.00
32—36	290%	2.90
37—41	350%	3.00
42—46	400%	3.00
47—51	450%	3.00
52—56	400%	3.00
57—61	400%	3.00
62—66	380%	3.00

Ævitekjuhlutfall er 2.39. Ellilífeyrisprósentan er 143.4 og ellilífeyrir er því 812 000 kr. á mánuði. Ef viðkomandi einstaklingur hefði orðið 65% öryrki við 37 ára aldur, hefði væntanlegt ævitekjuhlutfall hans orðið 1.475 og örorkulífeyrisprósentan 73.75. Samkvæmt því hefði þessi einstaklingur fengið 417 000 kr. í örorkulífeyri.

5. dæmi: Einstaklingur með sömu kjör og segir til um í 4. dæmi. Viðkomandi kvænist konu á sama aldri, þegar hann er 22 ára. Konan var í góðri stöðu á 17—26 ára aldurskeiði.

Tekjur konu, sem prósentu af meðaltekjum á því æviskeiði þegar hún vann utan heimilis:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	120%	1.20
22—26	140%	1.40
27—66	0%	0.50

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur ár	Kona	Karl
17—21	1.20	0.50
22—26	0.95	0.95
27—31	1.25	1.25
32—36	1.70	1.70
37—41	1.75	1.75
42—46	1.75	1.75
47—51	1.75	1.75
52—56	1.75	1.75
57—61	1.75	1.75
62—66	1.75	1.75

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 1.49 og konunnar 1.56. Samkvæmt því verður ellilífeyrir mannsins 506 000 kr. á mánuði og konunnar 530 000 kr. Samanlagður lífeyrir þessara hjóna yrði 1 036 000 kr. á mánuði.

Einstaklingur, sem aldrei hefur haft neinar tekjur um ævina né verið í hjónabandi, fær ævitekjuhlutfall 0.50 og þar með 170 000 kr. mánaðarlega í ellilífeyri eða örorkulífeyri. Yrði það alger lágmarkslífeyrir.

Einstaklingur, sem alltaf hefur meira en þrefaldar meðaltekjur alla ævi, fær ævitekjuhlutfallið 3.00 og þar með 1 019 000 kr. á mánuði í elli- eða örorkulífeyri. Yrði það alger hámarkslífeyrir samkvæmt þessu frumvarpi miðað við ríkjandi verðlag.

Lágmarksbarnalífeyrir er 13% af 566 000 eða 74 000 kr. fyrir 1. barn.

5. Fæðingarlaun.

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli að veita foreldrum hið minnsta þriggja mánaða fæðingarlaun, hvort sem um er að ræða foreldra, sem vinna utan heimilis eða innan. Til þessa hafa konur búið við mjög misjöfn kjör fjárhagslega séð þegar svo hefur verið ástatt um þær sem hér um ræðir. Sumar konur njóta nú þegar þriggja mánaða fæðingarlauna, en svo eru aðrar, sem fá engar greiðslur. Til þess að leiðrétta þetta misrétti hefur verið gripið til ýmissa úrræða. M. a. hafa verið samþykkt lög frá Alþingi, sem skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til að greiða fæðingarorlof til kvenna sem starfa úti í atvinnulífinu og eru aðilar að almennum verkalyðsfélögum. Þótt þessum konum hafi verið tryggt fæðingarorlof, er enn mikill fjöldi kvenna, sem flokkast ekki undir nein lög eða reglur, sem tryggja þeim fæðingarlaun.

Feður hafa ekki átt neinn rétt á fæðingarlaunum, enda hafa tengsl fedra við ung börn sín verið mjög lítil hér á landi. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að foreldrar geti skipt með sér fæðingarfríinu (þremur mánuðum) þannig, að hvort um sig haldi fullum launum. Er þar með tryggtur réttur allra foreldra til fæðingarlauna. Lágmarksfæðingarlaun eru 1.67% af vísitækjum (6 790 þús. kr.) eða 113 000 kr. á mánuði, og hljóta þau m. a. þeir foreldrar sem ekki stunda launaða vinnu. Þetta eru 20% af 566 000, sem eru vísitækjur á mánuði.

Fæðingarstyrkur verður greiddur áfram samkvæmt núgildandi lögum.

6. Iðgjaldagreiðslur.

Grundvallaratriði þessa frumvarps varðandi tekjuöflun til þess að fullnægja þeim tryggingarskuldbindingum, sem í frumvarpinu felast, er, að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald, er mæti þeim tryggingargreiðslum, sem Lífeyrissjóður Íslands á að inna af hendi. Tryggingarfræðingum skal falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lúandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósentu af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður, að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitandi hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að laun hækki sem nemur iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða. Í dag mun hin almenna regla um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina vera sú, að vinnuveitandi greiðir 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaðurinn sjálfur 4%, eða báðir samtals 10%.

Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi manni betra tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mundi iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi.

7. Iðgjaldaprósenta.

Varðandi það atriði, hvernig finna skuli út og meta væntanlega iðgjaldaprósentu, eru eftirfarandi skýringar gefnar:

a. Ellilífeyrir.

Framreikningar yfir aldursdreifingu Íslendinga næstu 15 árin hafa sýnt, að fjöldi þeirra, sem eru eldri en 67 ára, er um það bil 13% af fjölda þeirra, sem eru 16—67 ára. Ef gert er ráð fyrir, að ævitekjudreifing breytist ekki verulega milli kynslóða og að ellilífeyrir sé 60% af meðaltekjum, þarf iðgjald fyrir ellilífeyri að vera 60×0.13 eða 7.8%. Á sérstakri mynd er aldursþýramídi íslensku þjóðarinnar 31. desember 1979 sýndur, en þar kemur aldursdreifingin skýrt fram.

b. Örorku- og barnalífeyrir.

Upplýsingar um tíðni og hæð örorku svo og dreifingu barnalífeyris eru af skornum skammti hér á landi. Þó má áætla samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, að örorku- og barnalífeyrir fari ekki fram úr helmingi upphæðar ellilífeyris. Iðgjald fyrir þessar lífeyrisgreiðslur þarf því ekki að vera hærra en 3.9%.

c. Fæðingarlaun.

Árlegar fæðingar eru nú um 4000 talsins hér á landi. Ef gert er ráð fyrir að þrjár fjórðu foreldra, sem nota munu sér fæðingarlaunin, fái meðaltekjur sínar sem fæðingarlaun, en einn fjórði taki 20% meðallauna sem fæðingarlaun og að fæðingarlaunin séu greidd í þrjá mánuði, fæst að kostnaðurinn verður í kringum 800 árslaun eða að iðgjaldið þyrfti að vera um 0.57%.

d. Iðgjaldaprósenta.


Á grundvelli ofangreindra forsendna má búast við því, að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frumvarp nær til, þyrfti að vera 12.3% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu.

Á árinu 1979 greiddu atvinnurekendur og sjóðfélagar um 29 milljarða kr. í iðgjöld til lífeyrissjóða. Það eru 5.5% af heildartekjum 16 til 67 ára manna á því ári. Þá greiddu atvinnurekendur og ríkissjóður 31 milljarð til lífeyristrygginga almannatrygginga eða 5.8% af heildartekjum. Þá eru ótalin framlög ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna, sem var um 700 millj. kr. Samtals hefur því verið um 61 milljarðs kr. greiðslu að ræða til lífeyristryggingakerfisins á árinu 1979 eða um 11.5% af atvinnutekjum. Í þessa tölu vantar fæðingarlaunin. Þannig má færa rök að því, að heildariðgjald til nýja kerfisins verði ekki miklu hærra en þau gjöld, sem greidd eru til lífeyristrygginga í dag. Munurinn felst í því, að öll iðgjöldin eru greidd út sem lífeyrir.

8. Tryggingastofnun ríkisins — upphæðir núverandi tryggingargreiðslna.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins voru gjöld vegna lífeyristrygginga sem hér segir 1972—1979:

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Bætur vegna elli, örorku og dauða	2 323	2 873	4 317	6 076	8 227	12 211	19 924	29 006
Tekjur sama tímabil voru:								
I. Iðgjöld atvinnurekenda	382	430	740	1 128	1 362	1 829	2 443	5 489
II. Framlag ríkissjóðs	2 757	4 001	4 799	6 163	7 178	10 790	18 255	25 829
III. Halli á iðgjöldum og framlögum . .	40							
	3 178	4 431	5 540	7 292	8 540	12 619	20 698	31 318



Aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. des. 1979.

Ef frumvarp þetta um Lífeyrissjóð Íslands verður að lögum fellur stór hluti framan- greindra iðgjaldagreiðslna niður sem og framlög ríkissjóðs, en í þess stað mætir reiknuð iðgjaldaprósenta þeim tryggingargreiðslum sem hér um ræðir.

9. Lífeyrissjóðir — iðgjöld og lífeyrisgreiðslur.

Á síðustu tíu árum hafa eignir lífeyrissjóðanna vaxið hröðum skrefum. Meginástæða hinnar miklu aukningar er stofnun almennu lífeyrissjóðanna, er hófu starfsemi sína 1. jan. 1970, á grundvelli samnings milli aðila vinnumarkaðsins frá 19. maí 1969. Við það bættust um 25 000 manns við hóp starfandi sjóðfélaga. Fyrir voru sjóðfélagar í öðrum sjóðum sem hér segir:

Í lögboðnum lífeyrissjóðum og lífeyrissjóðum bæjarfélaga	11 500 manns
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga utan Alþýðusambands Íslands	1 500 manns
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga innan A. S. Í.	7 000 manns
Samtals	20 000 manns

Fjöldi lífeyrissjóðsfélaga í ársbyrjun 1970 mun því hafa verið um 45 000 manns.

Eigi liggja nú fyrir óyggjandi tölur yfir fjölda sjóðfélaga í öllu lífeyrissjóðakerfi lands- manna. En segja má, að meginþorri þess fólks, sem er í stéttarfélögum innan A. S. Í., sé aðili að einhverjum lífeyrissjóði og sumir að mörgum. Þá er bankastarfsfólk, starfsmenn hins opinbera: ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, aðilar að lífeyrissjóðum o. s. frv. Er óhætt að fullyrða, að meginþorri starfandi fólks, er tekur laun, sé aðili að lífeyrissjóðakerfinu.

Enn sem komið er hefur ekki verið komið á fót stofnun, sem safnar saman nákvæmum upplýsingum um þróun og starfsemi lífeyrissjóðanna. Af þeirri ástæðu er erfitt um vik að birta nýjar og haldgóðar tölfræðilegar upplýsingar um sjóðina. Á síðustu árum hefur þó Seðlabanki Íslands reynt að safna saman upplýsingum um sjóðina. Hefur bankinn síðan birt þær reglulega í Hagtölum mánaðarins. Þá vinnur samband almennra lífeyrissjóða, sem er samband flestra lífeyrissjóða aðildarfélaga A. S. Í., að upplýsingaöflun um þessa sjóði. Landssamband lífeyrissjóða, sem myndað er af flestum eldri sjóðum atvinnulífsins, sjóðum sveitarfélaga o. fl., innir af hendi hliðstætt starf fyri aðildarsjóði sína.

Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum hefur þróun lífeyrissjóðanna verið sem hér segir:

A) Eignir í árslok

Ár	Millj. kr.
1970	3 642
1971	4 846
1972	6 584
1973	9 273
1974	13 628
1975	19 902
1976	28 535
1977	47 700
1978 (áætlun)	69 000
1979 (spá)	110 000

Ár	B) Ráðstöfunarfé	Millj. kr.
1970	870
1971	1 168
1972	1 891
1973	2 830
1974	4 264
1975	6 220
1976	8 550
1977	12 505
1978	21 400
1979 (áætlun)	34 000

Ár	C) Iðgjöld	Millj. kr.
1970	691
1971	1 010
1972	1 767
1973	2 690
1974	3 992
1975	5 445
1976	7 565
1977	11 010
1978	18 500
1979 (áætlun)	28 900

Ár	D) Lífeyrisgreiðslur	Millj. kr.
1970	221
1971	325
1972	453
1973	668
1974	1 020
1975	1 350
1976	2 100
1977	3 450
1978	5 900
1979 (áætlun)	9 750

Ár	E) Lífeyrisgreiðslur		
	Sem % hluti af eignum sjóðanna	Sem % hluti af iðgj. sjóðanna	Sem % hluti af ráðstöfunarfé
1970	6 07	31 98	25 40
1971	6 71	32 18	27 83
1972	6 88	25 64	23 96
1973	7 20	24 83	23 60
1974	7 49	25 55	23 92
1975	6 78	24 79	21 70
1976	7 36	27 76	24 56
1977	7 23	31 34	27 59
1978	8 55	31 89	27 57
1979	8 86	33 74	28 68

Af framangreindum yfirlitum sést m. a., að um ¼ hluti árlegra tekna sjóðanna er varið til lífeyrisgreiðslna, en aðeins 6—9% miðað við heildareignir þeirra. Meginhlutanum af fjármagni lífeyrissjóðanna er varið til útlána og er stór hluti lánanna enn óverðtryggður. Útlánavextir eru yfirleitt 38%.

Fyrirnefndar meðaltölur segja þó mjög takmarkaða sögu um raunverulegar lífeyrisgreiðslur einstakra lífeyrissjóða. Er þær afar mismunandi og stafar af því, að áunnin réttindi eru misjafnlega mikil með tilliti til aldurs sjóðanna og mögulegrar aðildar fólks að þeim. Sem dæmi má nefna, að starfsmenn samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi hafa notið lífeyrissjóðsréttinda allt frá árinu 1939, verslunarfólk frá árinu 1956, almennt verkafólk síðan 1970 o. s. frv.

Vert er að vekja athygli á því, að aldursskipting milli einstakra stétta er mjög mismunandi. Í hinum svonefndu nýju stéttum, sem myndast hafa um og eftir 1940, er tiltölulega ungt fólk. Fjölgun í þeim hefur mest orðið á síðustu tveim áratugum. Hið sama má segja um ýmsa hópa menntamanna og sérfræðinga. Mikið fé safnast fyrir í þessum sjóðum og er greiðslubyrði þeirra vegna lífeyristrygginga lítil. Hins vegar er mikill fjöldi fólks úr eldri starfsstéttum, eins og t. d. verkamenn og verkakonur, nú þegar kominn á ellilífeyrisaldur. Lífeyrissjóðir þessara stétta eru aðeins tíu ára gamlir og greiða þess vegna sáralítinn lífeyri til þessa fólks. Þar við bætist, að það fólk, sem myndar meginkjarnann í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks og eldri starfsstétta, er tiltölulega fullorðið fólk. Greiðslubyrði þessara lífeyrissjóða getur því orðið mikil innan tíðar og óvíst, hvort þeir geti staðið við skuldbindingar sínar í óbreyttu formi, og enn síður, ef þeir yrðu að greiða verðtryggðan ellilífeyri.

Til þess að skýra enn betur hvað við er átt skulu eftirfarandi dæmi tilgreind:

Á árinu 1979 voru iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 73% hærri en iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar. Aftur á móti var uppbótin vegna samkomulags lífeyrissjóðanna 918% hærri til lífeyrisþega Dagsbrúnar en til lífeyrisþega, sem heyra undir Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þannig skiptir aldursdreifing hinna einstöku sjóða verulega miklu máli í þessu sambandi.

Árið 1971 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Til þess að hljóta þessi eftirlaun þurfa sjóðfélagar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Séu fullgildir félagar í verkalýðsfélagi sem á skylduáðild að lífeyrissjóði.
- b) Séu fæddir árið 1914 eða fyrr.
- c) Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma (starfstíma) eftir árslok 1954 og eftir 55 ára aldur.
- d) Hafi náð 70 ára aldri og látið af störfum. Þó skulu félagar 75 ára og eldri fá greidd eftirlaun, þótt þeir hafi eigi látið af störfum.

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögnum.

Núna munu um 4 300 aðilar taka lífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna. Af þeim eru um 3 000 félagar í lífeyrissjóðum, sem aðild eiga að Sambandi almennra lífeyrissjóða (SAL), en flestir þeirra voru stofnaðir um og eftir 1. janúar 1970. Meðalmánaðarlífeyrir mun vera um 23 þús. kr., en auk þess er greidd uppbót skv. samstarfssamningi lífeyrissjóðanna að meðaltali að upphæð 50 þús. kr.

Núverandi lífeyrissjóðakerfi er svo margbrotið, flókið og afbrigðilegt, að erfitt verður að byggja upp á því heilbrigðar og réttlátar lífeyristryggingar án þess að verulega verði gengið á rétt þess fólks, sem með fyrirhyggju og sparnaði hefur staðið að myndun margra eldri sjóða. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er eignarrétturinn lögverndaður og þar með eign manna í lífeyrissjóðunum. Það er því ekki hægt að skylda mann með almennum lögum að afhenda eigu sína.

Þess vegna er rétt og sjálfsagt að hefja lífeyrisgreiðslur á nýjum og samræmdum grundvelli, sem tryggi öllum landsmönnum jafnan rétt með tilliti til ævitekna og vinnufram-

lags til þjóðarbúsins. Jafnframt því, að sjóðfélagar núverandi lífeyrissjóða haldi eign sinni, er eðlilegt, að þeir leggi fram ákveðið stofnframlag í hið nýja kerfi, sem tekur við öllum núverandi ellilífeyrisþegum sjóðanna.

10. Breyting núverandi lífeyrissjóða í lánasjóði.

Núverandi lífeyrissjóðir eru myndaðir af iðgjöldum sjóðfélaga með sameiginlegum greiðslum vinnuveitenda 6% og starfsmanna 4%, eða samtals 10% af launum. Hér er um lögverndaðan sparnað að ræða. Með stofnun Lífeyrissjóðs Íslands á gegnumstreymisgrundvelli, þar sem álögd iðgjöld mæta raunverulegri tryggingaþörf á hverjum tíma, þarf að taka afstöðu til þeirrar uppsöfnunar fjármagns, sem átt hefur sér stað í núverandi lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóður Íslands mun í framtíðinni greiða öllum landsmönnum lífeyri, ef lög þessi verða samþykkt, og í flestum tilfellum mun hærri lífeyri en núverandi sjóðir gera. Því þykir ekki rétt að láta sjóðina renna inn í væntanlegan lífeyrissjóð, heldur verði þeim breytt í lánasjóði í vörslu og eigu þeirra aðila, sem hafa myndað sjóðina. Núverandi lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki í peningakerfi þjóðarinnar, auk þess sem þeir hafa haft geysmikla þýðingu í húsnæðismálum. Með því að breyta þeim í lánasjóði geta þeir í nánustu framtíð fullnægt því hlutverki, sem þeir hafa gegnt á undangengnum árum. Hugsanlegt er, að aðilar komi sér saman um, að ákveðnar greiðslur, t. d. 1% af dagvinnulaunum, skuli renna í þessa sjóði og að útlánareglur þeirra verði vikkadar þannig að lánað verði bæði til sjóðfélaga og þeirra fyrirtækja, er standa á bak við sjóðina. Eðlilegt er, að hinum nýju lánasjóðum verði af hinu opinbera settar ákveðnar reglur um starfsemi og lánveitingar o. fl. Verði það gert í samráði við viðkomandi eignaraðila. Þátttaka í lánasjóðunum verði frjáls.

Ekki er gert ráð fyrir því, að lífeyrissjóðir sem slíkir verði bannaðir, heldur eru settar strangar reglur um starfsemi þeirra, sem koma eiga í veg fyrir að þeir geti orðið gjaldþrota. Af liðum a) og b) í 41. gr. leiðir, að sjóðirnir verða að ávaxta fjármagn sitt verðtryggt. Þessar greinar segja auk þess, að lífeyririnn verður að lækka miðað við núverandi reglur eða iðgjaldið að hækka. Í 41. gr. c) segir, að hlutverk lífeyrissjóðs sé að taka á sig áhættu af dauða, örorku eða elli. Liðir d) og e) í 41. gr. gera ráð fyrir ákveðinni lágmarksstærð lífeyrissjóða og eru þessi ákvæði sett til þess að tryggja nægjanlega dreifingu áhættu.

11. Fjármálalegar afleiðingar frumvarpsins.

Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum, munu verða miklar breytingar á fjármagnsstreymi. T. d. hætta þær greiðslur, sem ríkissjóður greiðir vegna lífeyrstrygginga til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá minnka væntanlega iðgjaldagreiðslur til þeirra lífeyrissjóða, sem núna starfa. Þá hætta greiðslur ríkissjóðs á verðtryggingu lífeyris opinberu sjóðanna. Smærri breytingar eru greiðslur ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna og greiðslur þess síðarnefnda til fæðingarorlofs. Mesta breytingin er svo tekjur og gjöld Lífeyrissjóðs Íslands. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að meta, hvernig fjárstreymi ársins 1979 hefði breyst ef frumvarpið hefði þá verið orðið að lögum.

1. Framlag ríkissjóðs til lífeyristr. Tryggingast. ríkisins	25,8 milljarðar kr.
2. Verðtrygging ríkissjóðs á Lífeyrissj. stm. ríkisins o. fl. sjóða	3,3 milljarðar kr.
3. Framlag ríkissjóðs til Umsjónarnefndar	0,2 milljarðar kr.
4. Framlag atvinnuleysistr. til Umsjónarnefndar	0,5 milljarðar kr.
5. Greiðslur atvinnuleysistr. til fæðingarorlofs	0,8 milljarðar kr.
6. Framlag atvinnurekenda til lífeyristr. Tryggingast. ríkisins	5,5 milljarðar kr.
7. Framlag atvinnurekenda til lífeyrissjóða (6%) áætlun	15,4 milljarðar kr.
8. Iðgjöld launþega til lífeyrissjóða (4%) áætlun	10,2 milljarðar kr.

Samtals 61,7 milljarðar kr.

Samtals voru lífeyrisgreiðslur 1979:

1. Tryggingastofnun ríkisins	29,0 milljarðar kr.
2. Lífeyrissjóðir (áætlað)	9,8 milljarðar kr.
3. Umsjónarnefnd eftirlauna	0,7 milljarðar kr.

Samtals 39,5 milljarðar kr.

Fæðingarorlof nam samtals 0,8 milljörðum kr.

Brúttótekjur 16—66 ára námu ca. 530 milljörðum kr. 1979.

Iðgjaldið til Lífeyrissjóðs Íslands hefði verið 12.3% eða 65,2 milljarðar kr.

Meðalvísitækjur 1979 voru 3 347 000 (meðaltekjur voru aftur á móti 3 790 000. Mismunurinn stafar af hækkun launa umfram hækkun framfærslukostnaðar, sem ákvarðar vísitækjur).

Lífeyrir hefði því orðið (19 500 ellilífeyrisþegar):

Ellilífeyrir 60% af 3 347 000 × 19 500 =	39,2 milljarðar kr.
Örorkulífeyrir, maka- og barnalífeyrir =	19,6 milljarðar kr.
Fæðingarlaun	3,0 milljarðar kr.

Útgjöld samtals 618 milljarðar kr.

Tekjur umfram gjöld

3,4 milljarðar kr.*

Verði frumvarp þetta að lögum má áætla, að ríkissjóður og þar með skattborgararnir losni við fjárskuldbindingar, sem eru af svipaðri stærðargráðu og tekjuskattar eða um 35 milljarðar króna samkv. fjárlögum 1979.

Með núverandi tryggingakerfi almennra lífeyrstrygginga og greiðslna í lífeyrissjóði, sem greiða margir hverjir mjög lítinn lífeyri miðað við uppsöfnun, er raunverulega verið að leggja á þjóðina tvöfalda skattlagningu vegna þessara mála, án þess að almenningur fái til baka sambærilegar lífeyrisgreiðslur miðað við álögur. Þá er það mikið vafamál, að íslenskir atvinnuvegir geti staðið undir þessum tvöföldu álögum vegna tryggingarmála, sem almenna tryggingarkerfið og lífeyrissjóðakerfið er. Þar við bætist útlánastarfsemi á gifurlegu fjármagni, sem streymir að óverulegum hluta aftur til þeirra atvinnugreina og fyrirtækja, sem eru uppsprettur þess fjármagns, sem safnast fyrir í lífeyrissjóðunum.

Aframhaldandi þróun þessara mála til lengdar í núverandi farvegi getur gjörsamlega spordreist fjármála- og peningakerfi þjóðarinnar og þar með gjöreyðilagt lífsgrundvöll þúsunda manna. Meðal annars af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að mótuð verði ný og heilbrigðari stefna í lífeyrissjóðsmálum.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli frumvarpsins fjallar um skipulag og stjórnun.

Um 1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að annast lífeyrstryggingar.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni mynda níu manns stjórn sjóðsins og skal hún kosin af Alþingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

* Þessi fjárhæð stafar af því, að vísitala framfærslukostnaðarins, en lífeyrir fylgir henni, hækkaði minna en laun. Það hefði því verið nóg að hafa iðgjaldaprósenta 11,66% í stað 12,20% fyrir árið 1979.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að stjórn eða tryggingadómur skeri úr um ágreiningsmál. Þá skal stjórnin fjalla um iðgjaldaprósentu vegna trygginganna.

Um 5. gr.

Samkv. þessari grein skal skipað sérstakt 27 manna tryggingarráð, er gegna skal ráðgjafahlutverki.

Um 6. gr.

Á grundvelli 5. gr. er ákveðin þátttaka fulltrúa allra helstu aðila og hagsmunasamtaka, er hagsmuna eiga að gæta fyrir hönd umbjóðenda á því sviði tryggingarmála er hér um ræðir. Allir þessir aðilar hafa samið um lífeyrisréttindi sín í milli. Er því eðlilegt, að þeir fái ásamt til þess kjörinni stjórn af hálfu Alþingis viðeigandi þátttöku í stjórn og mótun þeirrar stofnunar, er hér um ræðir.

Varðandi fjölda fulltrúa frá einstökum hagsmunaaðilum er þess að geta, að samkvæmt þessari grein er reynt að tryggja, að eðlilegt jafnvægi sé milli gagnaðila, jafnframt því sem ákveðið tillit er tekið til fjölda þess fólks, sem er í viðkomandi stéttum.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Eðlilegt er, að landsmenn fái sem gleggstar upplýsingar um réttindi þau, er lífeyrisjóðurinn veitir á hverjum tíma.

II. kafli fjallar um lífeyristryggingarnar.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein takmarkast hlutverk sjóðsins við ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls, sem nánar er skilgreint og skýrt í næstu greinum á eftir.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um aðild að sjóðnum og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Er þessi grein í samræmi við hliðstæð ákvæði í reglugerðum flestra lífeyrissjóða, sem nú eru starfræktir.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur séu ákveðnar af ævitekjum og tekjuhlutfalli viðkomandi sjóðfélaga.

13., 14., 15. og 16. gr. skýra nánar þau hugtök, er hér um ræðir.

Um 13. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér ákvæði um að gera skuli ákveðnar leiðréttingar á tekjuhlutfalli einstaklings, nái það ekki tilskildu lágmarki til þess að tryggja viðkomandi ákveðinn lágmarkslífeyri. Þannig er vinna tekjulausra sjóðfélagshópa, t. d. húsmæðra, metin til lífeyrisréttinda. Á sama hátt skal leiðrétta tekjuhlutfall hátekjumanns niður í ákveðið hámark. Þetta þýðir, að ákveðið þak er á hugsanlegum lífeyrisgreiðslum.

Greinin felur einnig í sér, að lífeyrisréttindi hjóna skiptist jafnt á milli þeirra. Í þessu ákvæði felst sami réttur maka, sem vinnur ekki úti, til ellilífeyris, á við þann aðila hjónabandsins, sem aflar skattskyldra tekna. Vísast til útreikninga í athugasemdum með frumvarpinu varðandi þetta atriði.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu vísitækjur fundnar þannig út, að miðað skal við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum þeirra, sem eru á aldrinum 17—67 ára. Skulu vísitækjurnar reiknaðar út fjórum sinnum á ári. Á þennan hátt er fundin tekjuviðmiðun, sem breytist með svipuðum hætti og meðaltekjur.

Þessi grein ásamt 15. og 16. gr. tryggir, að grundvöllur ellilífeyris byggist á skattframtölum. Ætti þessi háttur að stuðla að enn betri skattframtölum en nú er.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein breytast lífeyrisgreiðslur eins og vísitækjur og fylgja þar með kaupgjaldi í landinu. Þær eru því verðtryggðar og viðkomandi sjóðfélagi því tryggður gegn afleiðingum mikillar verðbólgu.

III. kafli fjallar um ellilífeyri.

Um 19. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Við 67 ára aldur öðlast sjóðfélagi rétt til ellilífeyris. Er það mjög í samræmi við ríkjandi reglur lífeyrissjóða. Enn fremur segir, að ellilífeyrisprósentan skuli vera ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings margfaldað með sextíu. Þannig hljóta menn um 60% af rauntekjum sínum um ævina sem lífeyri.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um það, að unnt sé að fresta töku ellilífeyris í allt að átta ár og skuli ellilífeyrisprósentan þá hækka í samræmi við það. Það tíðkast æ meir að fólk vilji vinna lengur en til 67 ára aldurs. Er eðlilegt og sjálfsgagt að mæta slíkum óskum og lengja starfsævi þess fólks, er þess kann að óska.

Meðalaldur þjóðarinnar hefur hækkað mikið á síðustu áratugum, og heilbrigði aldraðra er mun betri en áður fyrr. Þetta fólk á oft erfitt að setta sig við að ljúka starfsævi of snemma.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IV. kafli er um örorkulífeyri.

Um 24. gr.

Til þess að einstaklingur geti hlotið örorkubætur samkvæmt þessu lagafrumvarpi, þarf hann að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár hið skemmsta, áður en sótt er um örorkulífeyri, eða að viðkomandi einstaklingur hafi haft óskerta starfsorku, þegar hann öðlaðist lögheimili hérlendis. Eru þetta eðlilegar og sjálfsgaðar varúðarráðstafanir, þegar haft er í huga, að nú orðið tíðkast það, að erlendir menn dveljast hér í lengri eða skemmri tíma og þá jafnan við einhvers konar atvinnu. Ekki er rétt, að slíkir aðilar geti hlotið þær tryggingabætur, sem hér um ræðir, án þess að þeir fullnægi skilyrðum um búsetu og lögheimili samkvæmt íslenskum lögum með þar af leiðandi réttindum og skyldum.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þessi grein felur í sér ákvæði um útreikninga á örorkulífeyri, sem eru í grundvallaratriðum byggðir á sömu hugsun og ellilífeyrisreikningar frumvarpsins.

Ef örorkuprósentu einstaklings er 75% eða meiri, er örorkustuðullinn 60, en fyrir hvert stig, sem vantar á 75%, skerðist stuðullinn um 10. Örorkulífeyrir er því að jafnaði 60% af rauntekjum mannsins til þess tíma, er hann hlaut örorkuna.

V. kafli er um barnalífeyri.

Um 27. gr.

Þessi grein felur í sér, að barnalífeyrir er greiddur til 19 ára aldurs. Samkvæmt núgildandi lögum er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 17 ára. Með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna, sem m. a. fela í sér lengra nám en áður tíðkaðist, er eðlilegt, að greiðslutímabil barnalífeyris sé lengt um tvö ár. Léttir það undir með foreldri og viðkomandi barni og er meira í samræmi við kröfur tímans um aukna samfélagshjálpi til handa þeim, sem eru þess verulega þurfi.

Um 28. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er greidd árlega föst ákvæðin upphæð í barnalífeyri. Samkvæmt þessu frumvarpi eru barnalífeyrisgreiðslur tengdar örorkulífeyrisprósentunni, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Er þetta ákvæði í samræmi við heildaruppbyggingu frumvarpsins gagnvart öðrum tryggingagreiðslum.

Barnalífeyrisgreiðslurnar taka síðan hliðstæðum breytingum við verðlagsbreytingar og örorkulífeyrisgreiðslurnar. Með þessu er tryggt að upphæð barnalífeyrisgreiðslna dragist ekki aftur úr við mikla verðbólgu. Felur það í sér mikið öryggi fyrir foreldri og barn.

Miðað við núverandi barnalífeyrisgreiðslur felur þessi grein í sér nokkra hækkun og mun ákveðnari grundvöll til að byggja þessar greiðslur á.

Um 29. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Parfnast ekki skýringar.

VI. kafli fjallar um fæðingarlaun.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um rétt allra foreldra með lögheimili á Íslandi til fæðingarlauna.

Um 32. gr.

Samkvæmt þessari grein skal foreldri fá meðalmánaðarlaun sín síðustu 36 mánuði fyrir fæðingu sem fæðingarlaun. Til að veða upp á móti áhrifum verðbólgu eru launin hækkuð sem nemur hækkun framfærsluvísitölu til fæðingardags, áður en meðaltekjurnar eru reiknaðar. Aldrei skal þó reikna með lægri tekjum en 20% af vísitekjum deilt með 12.

Í þeim tilfellum, sem foreldri vinna ekki úti, eru fæðingarlaun miðuð við vísitekjur og skulu aldrei vera lægri en 20%.

Um 33. gr.

Greinin kveður á um, að fæðingarlaun skuli greiða í þrjá mánuði.

Um 34. gr.

Samkvæmt þessari grein er lögð áhersla á, að foreldrar fái fæðingarlaun greidd. Hvílir sú skylda á lífeyrissjóðunum að gæta þess, að umræddar greiðslur eigi sér stað.

VII. kafli fjallar um tekjur Lífeyrissjóðs Íslands.

Um 35. gr.

Í reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur og lýkur við 67 ára aldur. Þessi grein er í samræmi við þessa reglu.

Um 36. gr.

Samræmi er milli ákvæðis þessarar greinar um álagningargrundvöll iðgjalda og 13. gr., er fjallar um tekjuhlutfall. Er í hvoru tveggja tilfelli byggt á brúttótekjum einstaklings samkvæmt skattframtali. Iðgjaldið skal vera prósentu af öllum tekjum. Ákvæði þetta er

nokkuð frábrugðið ákvæðum í reglugerðum núverandi lífeyrissjóða, sem ýmist takmarka álagninguna við dagvinnutekjur eða mánaðarlaun, og miða þar af leiðandi oft á tíðum ekki við heildartekjur í álagningu iðgjalds vegna lífeyrisgreiðslna. Með þeirri álagningarreglu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, skapast eðlilegra samhengi milli ævitekna annars vegar og ellilífeyrisgreiðslna hins vegar, þegar kemur að töku ellilífeyris.

Um 37. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Þar sem ákveðnum vandkvæðum getur verið bundið fyrir þá, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, að greiða iðgjöld af þeim tekjum með jafnskömmum fresti og iðgjaldagreiðslur af launatekjum skulu eiga sér stað, þykir rétt að gefa þessum aðilum lengri greiðslufrest, en þó með þeirri kvöð, að iðgjaldið skuli hækka miðað við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna er aflað. Þetta fyrirkomulag felur í sér ákveðna hvatningu til þess, að greiðslur séu inntar sem fyrst af hendi, auk þess sem verðtryggingarákvæði frumvarpsins gagnvart tryggingargreiðslum gerir nauðsynlegt að tryggja sjóðinn gegn öllum meiri háttar greiðsludrætti á iðgjöldum.

3. mgr. er í samræmi við 4. laga nr. 9 1974, sem fjallað er um í 51. gr.

Um 38. gr.

Óhjákvæmilegt er, að iðgjaldaprósentan sé reiknuð út hið minnsta einu sinni á ári, eins og þessi grein gerir ráð fyrir. Til greina kæmi að reikna hana oftár út, sérstaklega ef verðbólga geisar og ef launa- og verðlagsbreytingar eru tíðar. Þá felur þessi grein í sér, að hæð iðgjaldaprósentu skuli tryggja það á hverjum tíma, að nægilegt fé sé í sjóði til þess að mæta nauðsynlegum tryggingargreiðslum næstu 120 daga fram í tímann. Til greina kæmi að hafa þetta tímabil lengra, en reynslan verður að skera úr um, hvort þetta ákvæði er fullnægjandi eða ekki.

VIII. kafli er um önnur ákvæði.

Um 39. gr. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IX. kafli. Almennir lífeyris- og lánasjóðir.

Um 41. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að samhliða Lífeyrissjóði Íslands, sem allir iðgjaldaskyldir landsmenn eiga aðild að, sé heimilt að starfrækja sérstaka lífeyrissjóði, ef menn hafa áhuga á slíku, á grundvelli sérstakra iðgjaldagreiðslna og sjálfstæðs rekstrar. Greinin gerir ráð fyrir mjög ströngum kröfum um iðgjaldagreiðslur og ávöxtun, þannig að þessir sjóðir geti staðið við tryggingarskuldbindingar sínar. Þá segir í greininni að sjóðirnir skuli veita verðtryggð lífeyrisréttindi og taka á sig fulla áhættu vegna þeirra réttinda, er þeir kunna að veita. Í greininni er kveðið á um að fullnægja verði ákveðnu skilyrði um lágmarksfjölda greiðenda til þess að unnt sé að stofnsetja og starfrækja sjálfstæðan lífeyrissjóð. Er þetta m. a. gert til að tryggja raunhæfa lágmarksstærð lífeyrissjóða og koma í veg fyrir stofnun fjölda smárra sjóða, sem mundu aldrei geta staðið við skuldbindingar sínar á viðunandi hátt.

Um 42. gr.

Með tilliti til hinna ströngu ákvæða um ávöxtun og rekstur sjálfstæðra lífeyrissjóða er eðlilegt, að af hinu opinbera sé fylgst vel með starfrækslu þeirra.

Þessi grein gerir þess vegna ráð fyrir því, að tryggingaráðherra veiti sjóðnum starfsleyfi til þriggja ára í senn, sem síðan skuli endurnýjað fullnæggi þeir settum skilyrðum.

Þá heimilar greinin að breyta eldri sjóðum í lánasjóði, að fullnægðri 48. gr. þessara laga. Sú tilhögun mundi mæta þörf almennings fyrir lánsfé vegna húsnæðismála. Greinin er að öðru leyti augljós og skýrir sig sjálf.

Um 43. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 44. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 45. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 46. gr.

Til flestra, ef ekki allra lífeyrissjóða landsmanna er stofnað í frjálsum samningum milli launafólks og vinnuveitenda. Greiðir hver aðili um sig ákveðinn hluta iðgjalds vegna sjóðfélaga. Við það að leysa sjóðina undan greiðsluskuldbindingum, jafnframt því sem sjóðfélögunum er tryggður ellilífeyrir samkvæmt lagafrumvarpi þessu, þarf að taka afstöðu til þess, hvað gera skuli við það fjármagn, sem safnast hefur upp í sjóðnum og eftir er, þegar ákvæðum 48. gr. frv. hefur verið fullnægt.

Samkvæmt landslögum hljóta lífeyrissjóðirnir að teljast eign þeirra, sem til þeirra hafa stofnað og myndað með framlögum sínum og samningum.

Þessi grein, ásamt 42. gr. og 43. gr., tekur afstöðu til framangreinds og kveður upp úr um eignarrétt og ábyrgðarskyldu hlutaðeigandi aðila gagnvart þeim lánasjóðum er hér um ræðir. Þá segir, að lánasjóður skuli vera í umsjá þeirra aðila, sem staðið hafa að stofnun hans á grundvelli staðfesta reglugerða hans sem lífeyrissjóðs. Hinir nýju sjóðir munu taka eðlilegum breytingum við niðurfellingu iðgjaldagreiðslna o. fl., þegar hið nýja lífeyriskerfi tekur við. Er því rétt að sömu samningsaðilar fjalli um samningu og gerð reglugerða fyrir lánasjóðina með tilliti til þeirra breyttu viðhorfa er skapast við stofnun allsherjarlífeyrissjóðs. Ráðherra staðfesti reglugerðirnar.

Um 47. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 48. gr.

Til þess að tryggja Lífeyrissjóði Íslands nauðsynlegt stofnfé og örugga framkvæmd í byrjun er óumflýjanlegt að skylda núverandi lífeyrissjóði til að inna af hendi ákveðið stofnframlag. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að fimm mánaða iðgjaldatekjur núverandi lífeyrissjóða mundu nægja til þess að mæta þessum þörfum. Þetta fyrirkomulag tryggir, ásamt nokkru svigrúmi í iðgjaldaprósentu fyrstu árin, að nauðsynlegt fé sé jafnan til í sjóði.

Parfnast ekki skýringar. Um 49. gr.

Parfnast ekki skýringar. Um 50. gr.

Um 51. gr.
Samkvæmt þessari grein ber að fella niður gildandi ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, sem snerta þau atriði umræddra laga, sem lög um Lífeyrissjóð Íslands ná til. Einnig ber að fella niður ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof. Þá ber að fella niður lög nr. 63 1971, um Umsjónarnefnd eftirlauna, svo og önnur lög, sem varða lífeyrissjóði.

Um 52. gr.
Með tilliti til þess, að lög þessi fela í sér gjörbyltingu í ellilífeyristryggingarmálum þjóðarinnar og eru eðli sínu samkvæmt viðamikil og flókin í framkvæmd, er ráðherra heimil að samkvæmt þessari grein að gefa út ítarlega reglugerð um framkvæmd þeirra.